

Jón Karl Helgason


# „Ég var ekkert að binda skóþvenginn“

og fleiri þankar um þjóðareign

Í síðasta hefti *Tímarits Máls og menningar* birti Einar Már Jónsson hugleiðingar um bók mína *Hetjan og höfundurinn* (1998). Að blaðadómum slepptum var þetta önnur greinin þar sem brugðist er beinlínis við efni bókarinnar, en áður hafði Sigurður heitinn Sigurmundsson frá Hvítárholti rætt um hana í grein í *Lesbók Morgunblaðsins*. Þá viku Vésteinn Ólason að hugmyndum mínum í grein um Halldór Laxness sem birtist nýlega í *Nýrri sögu*. Að mörgu leyti halda þessir höfundar áfram þeirri umræðu um viðtökur Njáls sögu sem finna má í mínu riti, gera ýmsar gagnlegar athugasemdir og koma eigin sjónarmiðum á framfæri. Langar mig að svara sumu sem þarna kemur fram, skýra mínar eigin forsendur og reifa fáein atriði sem vakið hafa athygli mína síðan bókin kom út.<sup>1</sup> Fyrst vil ég þó koma á framfæri leiðréttingu á þeirri missmíð *Hetjunnar og höfundarins* sem ég naga mig dýpst í handarbökin yfir. Mér varð á að rangfeðra afasystur mína í viðauka bókarinnar en þar birti ég bréf sem Ragnar Jónsson í Smára skrifaði henni frá Nóbels hátíðinni í Stokkhólmi árið 1955. Heyri því allar helgar dróttir; hún hét Sigríður Helgadóttir.

## 1

Hluti af gagnrýni Sigurðar Sigurmundssonar og Einars Má Jónssonar beinist að atriðum og verkum sem ég geri lítil eða engin skil í *Hetjunnar og höfundinum*. Sigurður saknar greiningar á leikriti Jóhanns Sigurjónssonar um Lyga-Mörð og skáldsögum Friðriks Á Brekkan, *Drottningarkyni* og *Sögu af Bróður Ylfing*, sem báðar sækja efnivið til Njálu. Þá þykir honum lýsing mín á kenningum Barða Guðmundssonar um höfund sögunnar snautleg; „hafi einhver rök fram að færa sem ekki verða hrakin er þögnin sterkasta vopnið“, skrifar Sigurður til skýringar á áhugaleysi mínu um þetta efni.<sup>3</sup> Enn lengra í sömu átt gangi ég með því „að nefna ekki á nafn goðsögulega rann-



Auglýsing úr *Morgunblaðinu*, maí 1998<sup>2</sup>

Laxness og eiga aðdáun höfundar óskipta. Svo er hún mikil, að sjálf Njála er svo gott sem leyst upp og hverfur í skuggann.“

Margar athugasemdir Einars Más eru af svipuðu tagi. Hann telur ljóð á ráði mínu að nefna ekki Drangeyjarsundið á nafn í *Hetjunni og höfundinum*, „þann myndræna atburð, sem var sögulegur á sinn hátt og harla mikilvægur fyrir hetjuhugmynd aldamótakynslóðarinnar“. <sup>4</sup> Þá sé miður að ég leiti ekki markvissar fanga í blöðum og tímaritum þar sem þær heimildir hefði mátt nota til að draga upp nákvæmari mynd af ólíkum afbrigðum trúar Íslendinga á sannleiksgildi fornsagnanna og af þeim deilum sem spruttu af fornsagnaútgáfu Halldórs Laxness á árunum 1941 til 1943. Einar Már segir einnig að ég hefði mátt geta um Sögusinfóníu Jóns Leifs, enda þótt það sé „vafalaust til of mikils mælst, enn sem komið er, að reynt sé að lesa út úr henni hvaða viðhorf til fornsagnanna komi þar fram“ (s. 139). Loks telur hann mikinn skaða að ég taki ekki tillit til þess hlutverks sem forn hirðskáld – „Einar skálaglamm, Óttar svartí, Gunnlaugur ormstunga, Hallfreður, Sig-hvatur, o.fl.“ (s. 142) – hafi leikið í færslunni frá hetjunni til höfundarins, en ég kem betur að því efni hér síðar.

Einar Már kann að meta þann fræðilega áhuga sem ég sýni síðari tíma viðhorfum Íslendinga til fornsagnanna. Það viðfangsefni þykir honum raunar „með hinum merkustu í sögu Íslands á þessari öld og hinni síðustu“ (s. 135). Að þessu leyti hafa þeir Sigurður gjörólíkar hugmyndir um þá bók sem ég hefði getað skrifað í stað *Hetjunnar og höfundarins*. Sigurður kallar eftir hefðbundnara fræðiriti á sviði Njálurannsóknna, ef til vill í ætt við bók hans sjálfs, *Sköpun Njálssögu* (1989), þar sem leitinni að höfundi Njálu var fram haldið. Einar Már kallar, hins vegar, eftir ítarlegri og almennari rannsókn á viðtökum fornsagnanna og sér fyrir sér „400 bls. ritgerð, byggð[a] upp á strangan hátt utan um ákveðnar grundvallarhugmyndir og með kerfisbundinni rannsókn á þeim sviðum sem röðuðust í kringum þær“ (s. 136).

sókn fræðimannsins Einars Pálssonar á Njálu og fleiri Íslendingasögum“. Alvarlegasti annmarki bókarinnar er þó, að mati Sigurðar, sú vanræksla sem ég sýni Njáls sögu sjálfri: „Það eru einkum tveir menn sem öðrum fremur gnæfa hátt í þessari bók. Einar Ólafur Sveinsson og Halldór

Því fer auðvitað fjarri að ég nefni í *Hetjunni og höfundinum* öll verk eða fjalli um allar þær heimildir sem birta viðhorf Íslendinga til fornsagnanna. Í megindráttum afmarkaði ég heimildaleitina við efni sem tengdist Njálu. Það var af þeim sökum sem hirðskáldin fornu og Drangeyjarsundið (að ógleymdu Grettisbeltinu!) lágu óbætt hjá garði. Forsenda mín var að margt sem segja mætti um Njáls sögu gæfi sterka vísbendingu um mat Íslendinga á fornsögunum sem slíkum. En þótt aðeins sé miðað við þessa einu sögu er tossalisti Sigurðar og Einars Más helst til stuttur. Á hann vantar t.d. opinberar heimildir um Njálu sem námsefni handa börnum, frægt málverk Ásgríms Jónssonar af Gunnari og Kolskeggi, þau gögn handritamálsins sem tengja mætti tilteknum Njáluhandritum og heimildamyndina *Fögur er hlíðin* sem Edda-film framleiddi á sjötta áratugnum. Sögusinfónía Jóns Leifs á líka heima á listanum, þótt ég nefni hana í bókinni, þvert á það sem Einar Már heldur fram.<sup>5</sup> Ég vonast til að gera hluta af þessu efni hærra undir höfði síðar, ásamt ýmsum erlendum útgáfum, barnabókum, leikritum, sögulegum skáldsögum, ferðarollum og ljóðum sem tilheyra Njáluhefðinni. Það hefur þó aldrei verið ætlun mín að gera viðtökum Njáls sögu, hvorki hér á landi né erlendis, endanleg skil enda efast ég um að slíkt sé gerlegt og jafnvel æskilegt.

Ólík viðbrögð Sigurðar og Einars Más benda í sjálfu sér til þess að samband okkar Íslendinga við fornþekktir menn sé svo persónu- og kynslóðabundið að sannleikurinn um það efni verði seint sagður þannig að öllum líki. Til marks um þessi síkviku tengsl má taka viðbrögð Sigurðar við þriðja kafla *Hetjunnar og höfundarins*, en hann er helgaður draumleiðslum og andfundum þar sem Njálupersónur láta til sín taka. Í upphafi kaflans ræði ég alþýðufyrirlestra sem Hermann Jónasson flutti snemma árs 1912 og gefnir voru út stuttu síðar undir titilinum *Draumar*. Þar greinir Hermann frá því þegar dularfullur fornmaður, líklega Ketill Sigfússon úr Mörk, vitjaði hans í draumi til að leiðrétta eitt og annað sem ranghermt væri í varðveittri gerð Njálu. Frásögn Hermanns vakti mikla athygli, svo mikla að Einar Ólafur Sveinsson sá sig knúinn til að andmæla málflutningi draumannsins í doktorsritgerð sinni *Um Njálu* (1933). Finni Jónssyni prófessor þótti aftur á móti hrapallegt að Einar Ólafur skyldi taka „tillit til draumóranna hans Hermanns [. . .]. Þetta er beinlínis blettur á vísindalegri jafngóðri bók sem hún annars er.“<sup>6</sup> Finni hefði því tæplega hugnast úttekt mín á draumum Hermanns í *Hetjunni og höfundinum*.

Öðru máli gegnir um Sigurð Sigurmundsson sem skrifar: „Umfjöllun í bókinni um drauminn eykur gildi hennar að miklum mun.“ Sigurður lýsir hins vegar vanþóknun á hliðstæðri umfjöllun minni um *Bergþórssögu* (1950) Sigurjóns Péturssonar á Álafossi:

JÓN KARL HELGASON

En þegar höfundur eyðir um 20 blaðsíðum í útlistun á spírítisma sem ekki verður séð að neitt erindi ætti þar inn, horfir málið öðruvísi við. Saga spírítismans hefði átt að rekjast á öðrum vettvangi. Kaflinn um Bergþórssögu [er] beinlínis blettur á bókinni. Það er óvirðing við lesendur að bera það á borð að slíkur spírítismi, sem þarna kemur fram sé af sömu rót og draumur Hermanns Jónassonar. Þetta bókarskrípi vakti hneykslun þegar út kom, þótti lítilsvirðing við Njálu og verðskuldar ekkert nema þögnina.

Af þessum viðbrögðum að dæma virðist vera vandrataður vegurinn milli þess sem skal sagt og ósagt látið þegar Njála er annars vegar.

Grein sína í *Lesbók Morgunblaðsins* nefndi Sigurður „Grafskrift Njálssögu?“ en með þeim titli tók hann upp tilvitnun mína í gagnrýni Eiríks Sverrissonar sýslumanns á fyrsta hefti *Fjöltnis*. Eiríkur kallaði þar kvæðið „Ísland“ eftir Jónas Hallgrímsson „Grafskrift yfir Ísland“.<sup>7</sup> Svo er að sjá sem áhugi minn á framhaldslífi Njálu – m.a. í þingumræðum, nöfnum gatna og sorpbrennslustöðvar, á íslenskum spilum og í blaðaauglýsingum – hafi vakið Sigurði ugg um endalok hefðbundnari umfjöllunar um söguna. Ég er sannfærður um að slíkar áhyggjur séu ástæðulausar. Þær tilvísanir til Njálssögu sem ég hef rekist á í íslenskum dagblöðum undanfarið ár benda til að sagan eigi enn um sinn eftir að lifa í vitund þjóðarinnar, með fjölbreytilegum hætti.

En það er víðar skrafað og rætt um atburði Njálu. Tveir menn, á höfuðborgarsvæðinu, annar dugandi verslunarmaður, en hinn smiður góður, hugleiddu þessi mál. Smiðurinn, sem hefur nokkra dulræna hæfileika, velti vöngum yfir því að erfitt hefði verið fyrir Skarphéðin að stökkva yfir Markarfljót, þar sem um var að ræða flughálan ís og kappinn var sennilega á hálfum [svo] sauðskinnsskóm. Í Njálssögu er þess getið að hann hafi bundið skóþveng sinn, áður en hann framkvæmdi stökkið mikla og drap Þráin Sigfússon. Þeir félagar hugsuðu um þessi mál, en komust ekki að neinni niðurstöðu. Næstu nótt dreymdi smiðurinn að Skarphéðinn kom til hans. Hann var mikill vexti og glotti við tönn. Hann gekk til smiðsins og sagði: „Ég var ekkert að binda skóþvenginn, ég batt reim undir tána svo ég fengi betri viðspyrnu á ísnum.“

Lesendabréf í *Morgunblaðinu*, apríl 1998<sup>8</sup>

2

Auk þeirrar gagnrýni sem þegar hefur verið nefnd minnst Einar Már Jónsson á ýmis atriði í *Hetjunni og höfundinum* sem honum þykja ótraustvekjandi. Hann byrjar þannig grein sína á að agnúast út í fræðasvið mitt:

Eftir öllum sólarmerkjum að dæma er höfundurinn bókmenntafræðingur, og stöku sinnum sker hann lömb og heldur miklar blótveislur ýmsum annarlegum skúrgoðum (og þó ekki síst -gyðjum) þeirra fræða. Þau blót standa þó sjaldnast lengi, og þegar þeim linnir tekur höfundur upp þann þráð sem hann fylgir yfirleitt, og sá þráður er af nokkuð öðrum toga spunninn. (s. 135)

Einar Már, sem er sagnfræðingur, tilgreinir ekki hvaða fræðimenn og -konur hann eigi hér við, né í hverju annarleiki þeirra sé fólgin. Athugasemd hans virðist því eingöngu bera vott um þá fordóma sem eru því miður of algengir milli ólíkra fræðigreina innan hugvísinda. Sigurður Sigurmundsson er skorinordari í sinni grein. Í lokakafla *Hetjunnar og höfundarins* vek ég athygli á því að viðhorf Helgu Kress hafi „fylgt okkur í þessari bók sem áminning um að sagan af hetjunni og höfundinum er saga af karlmönnum, sögð af karlmönnum um karlmenskuna“. Sigurður tilfærir þessi orð mín þannig: „Höfundur getur þess aftarlega í bókinni að viðhorf Helgu Kress prófessors hafi fylgt ritinu eftir. Það mætti fremur segja að hann (höf.) hafi verið bundinn í viðjar þessarar óbilgjörnu uppreisnar og kvenréttindakonu.“ Sigurður rökstyður ekki ummæli sín frekar en óneitanlega vekja þau hugrenningatengsl við fjölmörg ljóð sem íslensk skáld ortu um Hallgerði Höskuldsdóttur fyrir á öldum. Um þann kveðskap fjalla ég í öðrum kafla bókar minnar og vitna þar m.a. í Sigurð Ketilsson (1689–1730) sem orti: „Hallgerður, full flærðar, / fól versta, ól lesti.“<sup>9</sup> Ein niðurstaða umrædds kafla var að sjá mætti fyrir endann á aldalöngum réttarhöldum íslensku þjóðarinnar yfir Hallgerði; skrif Einars Ólafs Sveinssonar og Helgu Kress bentu a.m.k. til þess að höfundi Njálu hefði nú verið stefnt fyrir það kvenhatur sem birtist í lýsingu hans á Hallgerði og fleiri kvenpersónum sögunnar. Orð Sigurðar benda hins vegar til þess að aldalöng andúð íslenskra karlmannna á Hallgerði hafi einfaldlega færst yfir á hina „óbilgjörnu uppreisnar- og kvenréttindakonu“ í nútímanum.

Svo vikið sé að gagnrýni Einars Márs á einstakar niðurstöður í *Hetjunni og höfundinum* þá ganga hugmyndir hans um nafn Snorrabrautar þvert á mínar kenningar. Að mínu viti var sú tillaga nafnanefndar Reykjavíkur snemma árs 1948 að hluti Hringbrautar skyldi nefndur Snorrabraut eitt dæmi af mörgum um aukið vægi „höfundarins“ (Snorra Sturlusonar) í íslenskrum menningarumræðu. Einar Már minnir hins vegar á að móðir hans, skáldkonan Þórunn Elfa Magnúsdóttir, hafi haustið 1947 gefið út skáldsöguna *Snorrabraut 7*. Góður kunningskapur hafi verið með Þórunni og Sigurði Nordal, sem sat í nafnanefnd Reykjavíkur á þessum tíma, og hafi Þórunn jafnan talið sig hafa átt hugmyndina að nafni götunnar. Einar Már vekur at-

hygli á að ekkert í þeim gögnum frá nafnanefndinni sem ég styðst við sanni að gatan hafi verið skírð í höfuðið á Snorra Sturlusyni; þar eru rökinn fyrir nafni Snorrabrautar aðeins þau að til beggja handa séu „hverfi með fornmannanöfnum“.<sup>10</sup> Hann telur fullt eins líklegt að gatan hafi verið skírð í höfuðið á Snorra goða, sem sé í slagtogi við helstu persónur Njálu og Laxdælu. „Mér fannst oft að móður minni væri Laxdæla tamari en rit Reykholtsbónda“, bætir Einar Már við til staðfestingar (s. 143).

Ég gæti ekki sannað fyrir rétti að Snorrabraut sé helguð minningu Snorra Sturlusonar. Dómur í þessu máli getur aldrei byggst á öðru en líkum, eða því sem á ensku nefnist *circumstantial evidence*. Forsendur fyrir minni túlkun eru þær að á fyrri hluta aldarinnar fór fram víðtæk starfsemi sem miðaði að því að auka veg Snorra Sturlusonar í vitund íslensku þjóðarinnar. Rit Sigurðar Nordals um Snorra frá árinu 1920 var mikilvægt framlag til þessarar vakningar en hana má einnig skoða sem viðnám við aldalangri tilhneigingu Norðmanna til að eigna sér höfund Heimskringlu. Hámarki náði þessi starfsemi hér á landi á fimmta áratugnum. Á þeim tíma lauk uppbyggingu menntaseturs í Reykholti, þar var haldin umdeild afmælishátíð á 700 ára ártíð Snorra 23. september 1941 og sérstakt Snorrafrímerki var gefið út. Einnig voru lögð drög að því að Snorrastytta norska listamannsins Vigelands yrði afhjúpuð hér á landi en hún var þjóðargjöf Norðmanna til Íslendinga. Vegna heimsstyrjaldarinnar tafðist afhjúpun styttunnar til sumarsins 1947 en fór þá fram sem hluti af viðamikilli Snorrahátíð í Reykholti með þátttöku tíginnna norskra gesta. Ég vek athygli á flestum þessum viðburðum í bók minni, auk þess sem ég vitna í grein Kristins E. Andréssonar frá árinu 1941 þar sem lagt er til að reist verði fjölnota menningarhús í Reykjavík – „heimili íslenzkrar listar og jafnframt hagnýt bygging yfir ýms söfn þjóðarinnar“ – og nefnt Snorrahöll. Með höllinni vill Kristinn minnast menningarlegra afreka Snorra Sturlusonar en hún á jafnframt að vera „sýnilegt tákn þess, að Íslendingar líta á sig sem sjálfstæða þjóð og gera kröfur til, að aðrar þjóðir geri svo“.<sup>11</sup> Af framansögðu er ljóst að persóna Snorra Sturlusonar var mjög til umræðu meðal Íslendinga á fimmta áratugnum – einnig um það leyti sem Þórunn Elfa var væntanlega að ganga frá skáldsögu sinni til prentunar sumarið 1947.

Ef Sigurður Nordal og félagar hans í nafnanefndinni hafa ákveðið að endurskíra hluta gömlu Hringbrautar sem Snorrabraut fáeinum mánuðum síðar til að tryggja Snorra goða Þorgrímssyni viðeigandi sess í borgarlandslaginu hefur sú ráðstöfun verið úr vissum takti við tímann. Reyndar hafði nafni goðans, líkt og ótalmörgum öðrum nöfnum úr fornsögunum, brugðið fyrir á íslenskum skipum á fyrstu áratugum aldarinnar (sbr. Snorri goði RE 141, (1911–1920 og 1925–1944) og Snorri goði VE 138 (1931–1942)), en á

sama vettvangi var Snorra Sturlusonar einnig minnst með sómasamlegum hætti (sbr. Snorri Sturluson [ÍS] (1891–1908) og Snorri Sturluson RE 134 (1909–1919)). Hvorugur þessara höfðingja var hins vegar á sjó árið 1947 – það var ekki fyrr en árið 1973 að Reykholtsbóndanum var aftur hleypt af stokkunum (sbr. Snorri Sturluson RE 219).<sup>12</sup> Því má loks bæta við að Snorri goði var ekki meðal þeirra átta fornkappa er prýða íslensku spilin sem Tryggvi Magnússon teiknaði í tilefni Alþingishátíðarinnar árið 1930. Snorri Sturluson átti sér þar hins vegar vísan stað; hann er eini þrettánda aldar maðurinn á mannsspilunum og hjarta-kóngur í þokkabót.

Enda þótt sjónarmið okkar Einars Más stangist á vil ég ekki segja skilið við þetta efni án þess að minna á grein sem Helgi Þorláksson sagnfræðingur birti í *Skírni* fyrir fáeinum árum. Helgi færir þar rök fyrir því að höfundur Eyrbyggju hafi notað Snorra Sturluson sem fyrirmynd þegar hann mótaði persónu Snorra goða í sögunni. Margvísleg líkindi þeirra nafna „séu meira en tilviljun, Snorri goði hljóti að vera gerður í mynd nafna síns og afkomanda“.<sup>13</sup> Samkvæmt þessari kenningu ætti Snorri Sturluson að geta sungið, líkt og ljóðmælandinn í einu lagi Ladda: „Ég er afi minn.“

Gleraugu sem verða 20 metra há og 60 metra breið verða sett upp á toppi Esju fái Stefán Geir Karlsson myndlistarmaður styrk í tilefni af því að Reykjavík verður ein af menningarborgum Evrópu árið 2000. Gleraugun eru nákvæm eftirmynd af þeim sem Halldór Laxness bar á sínum yngri árum og verða þau gerð úr áli. [...] Aðspurður segir Stefán tvær ástæður fyrir því að hann vinni að framgangi þessa verks. Sú fyrri sé að Halldór Laxness *eigi skilið* þessa 400 falda stækkun á gleraugum sínum og hins vegar sé Esjan orðin fjarsýn og þurfi því á gleraugum að halda til þess að geta fylgst með hátíðarhöldunum í Reykjavík.

Frétt úr *Morgunblaðinu*, ágúst 1998 (skáletrun mín)<sup>14</sup>

### 3

Höfuðkenning mín í *Hetjunni og höfundinum* er sú að aldalöng aðdáun Íslendinga á köppum eins og Gunnari á Hlíðarenda og Skarphéðni Njálssyni hafi á þessari öld færst yfir á höfunda fornsagnanna og ýmsa andlega arftaka þeirra í nútímanum, ekki síst Halldór Laxness. Þrátt fyrir efasemdir sínar um túlkun mína á nafni Snorrabrautar finnst Einari Má þessi kenning „allrar virðingar verð“ (s. 137). Honum þykir hins vegar miður að ég geri kenningunni ekki kerfisbundin skil og leggur sig fram um að útfæra hana með nákvæmari hætti en mér auðnast. Það er í þessu samhengi sem hann minnir á fornu íslensku hirðskáldin og tengir þau við hugmyndir Halldórs

JÓN KARL HELGASON

Laxness, Sigurðar Nordals og fleiri „höfunda“ um Íslendingasögurnar sem „bókmenntir“:

En með þessari nýju hugmynd var allt búið í haginn fyrir myndbreytinguna [frá skáldinu til höfundarins]: skáldið sem gekk fyrir konung rann nú saman við nafnlausan höfundinn sem skapaði heimsbókmenntir í óbundnu máli, „bóksögur“, og persónugerfingur þeirra í nútímanum var Halldór Laxness. Ef þessi túlkun er rétt, mætti segja að Drangeyjarsundið og Nóbels hátíðin „kallist á“: í fyrra skiptið vann nútímamaður á nýjan leik frægðarverk fornkappa, í síðara skiptið stóð annar nútímamaður í sama hlutverki og forn skáld og tók við tékka úr hendi jöfurs. (s. 142–43)

Ég hef ekkert við þessa túlkun að athuga en vek athygli á að kveikjan að minni túlkun voru ummæli samtímamanna Halldórs Laxness sem benda fullt eins og jafnvel frekar til samsömunar íslenskra nútímahöfunda við fornar hetjur en við forn skáld. Hér má tilfæra lýsingu Ragnars í Smára á frammistöðu Halldórs á Nóbels hátíðinni 1955: „Komu mér í hug ýmsar myndir úr sögunum þar sem sagt er frá því er landar okkar gengu fyrir konunga, og skildi ég nú betur en áður að slíkar heimsóknir voru færðar í letur af skáldum.“<sup>15</sup> Skýrara dæmi er þó að finna í grein frá árinu 1949, sem ég vitna einnig í, þar sem Kristinn E. Andrésson lýsir glæstum höfundarferli Gunnars Gunnarssonar. Kristinn segir Gunnar vera nútímaútgáfu af fornsagnahetjunni er „gerist konungi handgenginn, vinnur með honum óendanleg afrek, er mesta hetja sem sögur fara af allt til Miklagarðs, stökkvir hersveitum óvina á flóttu, gengur í hauga eftir gulli, hleður skip sín gerselum“, en tekur svo einn vetur ógleði mikla því hann vill út til Íslands.<sup>16</sup> Hér hefði ef til vill legið betur við að líkja Gunnari við fornskáldin. Sú samlíking gat aftur á móti orkað tvímælis á tímum íslenskrar þjóðernisvakningar: Hvaða íslenskur nútímahöfundur kærði sig um að teljast hirðskáld erlends valdhafa? Samlíking höfundarins og hetjunnar var í sjálfu sér nógu tvíræð. Þannig er athyglisvert að Kristinn slær botn í umrædda hetjulýsingu með eftirfarandi orðum: „Sjóli sá er Gunnar gekk á hönd er konungur listarinnar. Honum hefur hann unnið öll sín afrek og hlotið frægð að launum.“

Einar Már ræðir nokkuð um deilur fræðimanna um sagnfestu- og bókfestukenningarnar og tengsl þeirra við mín viðfangsefni. Ég viðurkenni að hafa leitt þær deilur að miklu leyti hjá mér en það gerði ég á þeirri forsendu að töluvert hefur verið um þær fjallað á síðari árum og vísa ég lesendum mínum á þau skoðanaskipti.<sup>17</sup> Kenningin um hetjuna og höfundinn var tilraun til að tengja umræðuna um þetta efni íslenskri þjóðfélagsþróun og hugmyndasögu. Ég stóðst samt ekki þá freistingu að benda á umtalsverð líkindi



milli hugmynda Sigurðar Nordals og annarra fræðimanna sem tilheyrðu hinum svokalla íslenska skóla í fornsagnarannsóknum og þeirra hugmynda sem móta fornritaútgáfu Halldórs Laxness snemma á fimmta áratugnum, enda hafði enginn rætt þau tengsl áður. Einari Má þykir ályktun mín um þetta efni hljóma „harla sennilega“ (s. 140) og vill jafnvel ganga heldur lengra en ég geri í lýsingu minni á Halldóri sem djarfasta aðila íslenska skólans.

Í grein sinni um Halldór Laxness og forna sagnahefð í síðasta hefti *Nýrrar sögu* viðrar Vésteinn Ólason hins vegar efasemdir sínar um þessa túlkun. Hann bendir á að þótt Halldór tali víða óhikað um „Njáluhöfund“ og dáist að þeim manni, geri hann skýran greinarmun á hlutverki höfundar í sköpun fornsagna og nútímaskáldsagna. Í þessu samhengi vitnar Vésteinn m.a. til eftirfarandi málsgreinar Halldórs úr „Minnisgreinum um fornsögu“:

Íslendingar hafa þá menningu til að bera, ótrúlegt fyrirbrigði á miðöldum, óhugsanlegt í gervöllum kristindóminum, að geta séð hlutinn í því ljósi þar sem hann verður merkilegur í sjálfum sér, metið hann vegna þess sem hann er – en ekki vegna dæmisögugildisins. Það er ekki þar með sagt að íslenskar fornbókmentir séu raunsæisbókmentir í skilningi vorra tíma, heldur að íslensk fornsaga sjái heiminn gegnum minni kenningu, skynji hann naktari en vestur-evrópskar bókmentir þess tíma, beini athyglinni meira að sköpunarverkinu sjálfu en skaparannum, en slíkt er óguðlegt eftir kristinni kenningu.<sup>18</sup>

Vésteinn leggur út frá þessari tilvitnun og segir: „Þessi orð um sköpunarverkið og skaparann má auðvitað heimfæra upp á höfunda og sögur og þau samrýmast illa þeirri kenningu að þessi „djarfasti aðili íslenska skólans“ hafi viljað hefja höfundinn sem slíkan til skýjanna.“<sup>19</sup>

Þó að ég geti viðurkennt að umfjöllun mín um hugmyndir Halldórs um fornritin byggist á nokkurri einföldun er ég ósammála túlkun Vésteins á ofangreindri tilvitnun. Orðin *sköpunarverk* og *skapari* í texta Halldórs er ekki hægt að heimfæra upp á *sögu* og *höfund* með þeim hætti sem Vésteinn gerir. Halldór er hér að ræða um afstöðu íslenskra fornsagnahöfunda (sýn íslensku fornsögunnar) til veruleikans (sköpunarverksins) annars vegar og Guðs (skaparans) hins vegar. Enda þótt Halldór vilji ekki ganga svo langt að telja fornsagnahöfundana vera sambærilega raunsæishöfundum nútímans vekur hann athygli á að þeir hafi verið furðu sjálfstæðir gagnvart kristinni kenningu og bókmenntahefð dæmisögunnar. Með þessu móti hefur Halldór fornsagnahöfundana „upp til skýjanna“; hann fullyrðir a.m.k. að þeir hafi „naktari“ og þá væntanlegri sannari, sýn á veruleikann en starfsbræður þeirra annars staðar í Evrópu á sama tíma.

Hins vegar tek ég undir það með Vésteini að kenningum íslenska skólans

um Íslendingasögur sem bókmenntaverk verður fráleitt hafnað með því einu að benda á þær hugmyndafræðilegu „þarfir“ sem slík kenning kom til móts við á fyrri hluta aldarinnar. Í bók minni tek ég enga afstöðu til þess að hve miklu leyti Njála eða aðrar fornsögur geti talist nýtilegar sagnfræðilegar heimildir né í hverju listrænir eiginleikar þeirra kunni að vera fólgnir. Og ekki ætla ég heldur að blanda mér í þá lífseigu þrætu hér.

4

Fimmti kafli *Hetjunnar og höfundarins* er helgaður þeim málarekstri sem varð út af fornrítaútgáfu Halldórs Laxness á fimmta áratugnum. Tvívegis leiddu útgáfuáform Halldórs til íhlutunar Alþingis. Árið 1941 samþykktu



þingmenn viðauka við lög um rithöfunda- og prentrétt þar sem íslenska ríkinu var áskilinn einkaréttur á útgáfu íslenskra rita sem samin voru fyrir árið 1400; einkaaðilar sem vildu gefa út slík rit þurftu að fá leyfi frá kennslumálaráðuneytinu. Lögin voru samin vegna fyrirhugaðrar útgáfu Halldórs Laxness á Laxdæla sögu. Árið 1943 samþykktu þingmenn síðan ályktun um ríkisstyrkta útgáfu Menningarsjóðs og Þjóðvinafélagsins á Njáls sögu. Sú ályktun var samin vegna fyrirhugaðrar útgáfu Halldórs á Njálu en Einar Arnórsson, þáverandi kennslumálaráðherra (og tengdafaðir Halldórs til margra ára), hafði veitt skáldinu tilskilið leyfi til útgáfunnar þvert

Auglýsing úr *Morgunblaðinu*,  
desember 1998.<sup>20</sup>

á vilja meirihluta þingmanna. Í millitíðinni höfðu Halldór, Ragnar í Smára og Stefán Ögmundsson verið dæmdir í undirrétti samkvæmt lögunum frá 1941 fyrir útgáfu sína á *Hrafnkötlu* (1942) en þeim dómi var síðar hnekkt í Hæstarétti.

Ég rek sögu þessa máls í bók minni með tilvitnunum í *Alþingistíðindi* og dómsskjöl sem settar eru fram í leikritsformi og læt lesendum að mestu eftir að draga ályktanir af efninu. Einar Már tekur þeirri áskorun og bendir á að deilan hafi ekki snúist um stafsetningu fornrita, eins og stundum hafi verið haldið fram, heldur pólitík og ólík viðhorf manna til sannleiksgildis sagnaanna. Í þessu sambandi vísar Einar Már, að því er virðist, í ritdeilu sína við

ritstjóra Íslendingasagnaútgáfu Svarts á hvítu þar sem stafsetningu fornrita bar nokkuð á góma (s. 140 og 142).<sup>21</sup> Hann ræðir svo sérstaklega um mikilvægan þátt Jónasar Jónssonar frá Hriflu í aðförinni gegn fornritaútgáfu Halldórs Laxness. Ég hef ekki miklu við greiningu Einars Más að bæta. Hún kemur að mörgu leyti heim og saman við umræðu mína í *Hetjunni og höfundinum* og ritgerð sem ég birti um þetta mál á ensku árið 1994 og er væntanleg í endurskoðaðri útgáfu í bók minni *The Rewriting of Njáls saga* á komandi hausti.<sup>22</sup> Þar legg ég reyndar sérstaka áherslu á að afskipti Alþingis af útgáfu fornritanna helguðust, a.m.k. í orði kveðnu, af þeirri skoðun að hér væri um þjóðararf að ræða, sameign íslensku þjóðarinnar. Hinni opinberu útgáfu á Njálu árið 1944 var með vissum hætti ætlað að tryggja víðtæka dreifingu þessa arfs og koma í veg fyrir að einkaaðilar gætu gert sér fornritin að féþúfu.<sup>23</sup>

Síðastnefnda atriðið er umhugsunarvert í ljósi þess að mörg helstu hitamálin í íslensku þjóðlífi undanfarin misseri hafa einmitt snúist um nýtingu verðmæta eða auðlinda sem gjarnan eru talin sameign íslensku þjóðarinnar. Hér á ég við deilur um kvótakerfið, gagnagrunn á heilbrigðissviði og skipulag og nýtingu hálendisins. Í stað spurningarinnar: Hver á höfundarrétt á Njálu? er nú tekist á um spurningar á borð við: Hver á hálendið? Hver á fiskinn í sjónum? Hver á upplýsingar í sjúkraskýrslum? Fornritaútgáfa Halldórs Laxness minnir okkur á að slík átök um eignahald og nýtingarrétt eiga sér líka stað á vettvangi íslenskrar menningar og sögu. Þar er tekist á um spurningar á borð við: Hver á Leif Eiríksson? Hver á Snorra Sturluson? Hver á Jónas Hallgrímsson? Hver á Jón Sigurðsson? Hver á Halldór Laxness? Hver á Jóhannes Kjarval? Hver á íslenska tungu?

Í *Hetjunni og höfundinum* fæst ég við sumar þessara spurninga, eins og þær blöstu við um miðja öld, en það er ekki síður athyglisvert að hugleiða þróunina á þessu sviði á síðustu misserum. Undanfarin ár hefur Mjólkursamsalan eignast hlut í íslenskri tungu með stuðningi sínum við Íslenska málstöð og kjörorðinu „Íslenska er okkar mál“. Landafundanefnd og ýmsir ferðaþjónustuaðilar hér á landi fjárfesta með markvissum hætti þessi misserin í nafni Leifs Eiríkssonar. Nýlega keypti Fjárfestingarbanki atvinnulífsins helmingshlut í Vöku-Helgafelli, útgáfufyrirtækinu sem fer m.a. með útgáfuréttinn á verkum Halldórs Laxness hér á landi. Brátt verður þessi hlutur boðinn út á almennum markaði. Listasafn Reykjavíkur á ennþá stærstan hlut í Jóhannesi Kjarval, ekki bara vegna þess að safnið varðveitir stærsta safn verka listamannsins, heldur einnig vegna þeirrar fjárfestingar sem felst í byggingu og rekstri Kjarvalsstaða. Nýr samstarfssamningur Landssímans og Listasafns Íslands vekur hins vegar spurningar um hvenær íslenskum fyrirtækjum verði með svipuðum hætti boðið að kaupa sér hlut í nafni Kjarvals.

Við getum vænst aukinna viðskipta af þessu tagi á næstu misserum. Menningarfyrirbæri af ýmsu tagi eru smám saman að verða gjaldgeng á almennum fjármálamarkaði. Og það er ekki seinna vænna. Viðbrögð íslenskra stjórnvalda við gagnrýni á kvótakerfið síðastliðið haust benda til þess að hlutabréfum sé ætlað að leysa hér á landi þversögnina sem felst í hugmyndinni um þjóðareign.

### Aftanmálgreinar

- 1 Sigurður Sigurmundsson (1915–1999) lést á meðan grein þessi var í smíðum. Engu að síður tel ég rétt að gagnrýni hans á mitt verk komi fram í þessu samhengi, svo og svör mín við henni.
- 2 Úr auglýsingu fyrir sýninguna „Handverk 1998 í Laugardalshöllinni“. *Morgunblaðið*, 1. maí 1998, s. 6B.
- 3 Sigurður Sigurmundsson. „Grafskrift Njálssögu?“ *Lesbók Morgunblaðsins*, 8. ágúst 1998, s. 6–7. Allar tilvitnanir í Sigurð hér á eftir eru í þessa heimild.
- 4 Einar Már Jónsson. „Drangeyjarsund og Nóbels hátíð. Fáeinar hugleiðingar um „Hetjuna og höfundinn“ eftir Jón Karl Helgason.“ *Timarit Máls og menningar* 60:1 (1999), s. 137. Hér eftir verður vitnað til þessarar heimildar með blaðsíðutali í meginmáli.
- 5 Sjá *Hetjuna og höfundinn: Brot úr íslenskri menningarsögu*. Reykjavík (1998), s. 224 og með óbeinni hætti s. 130.
- 6 Finnur Jónsson. „Um íslenska sagnaritun og um Njálu sjerstaklega.“ *Skírnir* 108 (1934), s. 36. Sjá *Hetjuna og höfundinn*, s. 91.
- 7 Sjá *Hetjuna og höfundinn*, s. 38.
- 8 Eyjólfur Guðmundsson. „Hvað gerði Skarphéðinn?“ *Morgunblaðið*, 17. apríl 1998, s. 64.
- 9 Tilvitnun í Matthías Johannessen. *Njála í íslenskum skáldskap*. Reykjavík (1958), s. 21. Sbr. *Hetjan og höfundurinn*, s. 53.
- 10 Borgarskjalasafn, bréf frá nafnanefnd til byggingarnefndar, 20. febrúar 1948. Sbr. *Hetjan og höfundurinn*, s. 174.
- 11 Kristinn E. Andrésson. „Reisum Snorrahöll.“ *Timarit Máls og menningar* 2:1 (1941), s. 105–106. Sbr. *Hetjan og höfundurinn*, s. 184.
- 12 Sjá Jón Björnsson. *Íslensk skip*. Reykjavík (1990), 2. bindi, s. 98; 3. bindi s. 69 og 119–20; 4. bindi s. 55.
- 13 Helgi Þorláksson. „Snorri Sturluson og Snorri goði.“ *Skírnir* 166 (haust 1992), s. 319.
- 14 „20 metra há gleraugu á topp Esjunnar?“ *Morgunblaðið*, 14. ágúst 1998, s. 8.
- 15 Ragnar Jónsson. „Íslandshátíð í Svíaríki.“ *Morgunblaðið*, 24. desember 1955. Sbr. *Hetjan og höfundurinn*, s. 188–89.
- 16 Kristinn E. Andrésson. „Skáldið Gunnar Gunnarsson.“ *Um íslenskar bókmenntir*. Reykjavík (1979), s. 9. Sbr. *Hetjan og höfundurinn*, s. 190.
- 17 Sbr. *Hetjan og höfundurinn*, s. 235 (nmgr. 5) og s. 242–43 (nmgr. 2, 6, 11 og 17): Theodore M. Anderson rekur sögu ólíkra viðhorfa evrópskra fræðimanna til uppruna íslensku fornsagnanna, allt frá sextánda öld fram á okkar daga, í bók sinni *The Problem of Icelandic Saga Origins* (1964). Sjá ennfremur sýnisbókina *Sagadebatt* (1977), sem ritstýrt var af Else Mundal. Meðal þeirra sem fjallað hafa um íslenska skólann á íslenskum vettvangi á síðari árum eru: Óskar Halldórsson, „Íslenski skólinn og Hrafnelssaga“, *Timarit Máls og menningar* 39:3 (1978); Vésteinn Ólason, „Bókmenntarýni Sigurðar Nordals“, *Timarit Máls og menningar* 45:1 (1984); Matthew Driscoll, „Þögnin mikla“, *Skáldskaparmál* I (1990); Jón Hnefill Aðalsteinsson, „Íslenski skólinn“, *Skírnir* 165 (vor 1991); Jesse L. Byock, „Þjóð-

„ÉG VAR EKKERT AÐ BINDA SKÓPVENGINN“

- ernishyggja nútímans og Íslendingasögurnar“, *Tímarit Máls og menningar* 54:1 (1993); Helga Kress, „Mikið skáld og hámenntaður maður“, *Ársrit Torfhildar* (1994).
- 18 Halldór Laxness. „Minnisgreinar um fornsögur.“ *Sjálfsgæðir hlutir. Ritgerðir*. Reykjavík (1946), s. 26–27.
- 19 Vésteinn Ólason. „Halldór Kiljan Laxness og forn sagnahefð. Fornsögurnar og ættjarðar-ástin.“ *Ný saga* 10 (1999), s. 9.
- 20 *Morgunblaðið*, 31. desember 1998, s. 31C.
- 21 Sjá Einar Már Jónsson. „Alþýðleg „menntamannaútgáfa.““ *Tímarit Máls og menningar* 50:1 (1989) og Bergljót Kristjánsdóttir, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson. „Steingervingsháttur.“ *Tímarit Máls og menningar* 50:2 (1989). Mér sýnist að Einar Már fari jafnvel fram á að ég geri þessari deilu skil við fyrsta tækifæri („Höfundur nýtur góðs af því að menn skuli hafa tekið sig til fyrr á öldinni og skrásett vitnisburð manna um hlutverk fornsagna í þroskasögu þeirra. Hann ætti því að greiða þessa skuld og safna nú þegar saman vitnisburði þeirra manna sem lentu í brýnum sálarhásku út af „samræmdri stafsetningu fornri“ [síðar á öldinni?] og frusu af skelfingu þegar við augum þeirra gein „Mörðr hét maðr““, s. 142). Ég er nú samt að hugsa um að láta öðrum þetta verkefni eftir.
- 22 Jón Karl Helgason „‘We who cherish *Njáls saga*’: Alþingi as Literary Patron.“ *Northern Antiquity. The Post-Medieval Reception of Edda and Saga*. Ritstjóri Andrew Wawn. Great Britain (1994).
- 23 Sjá ennfremur *Hetjuna og höfundinn*, s. 205.